

Heilbrigðisnefnd
Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.
25. apríl 2022.
3. fundur

Mánudaginn 25. apríl 2022 var haldinn 3. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF). Eftirtaldir aðalmenn eru boðaðir á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Jón Haukur Ingvason, Ingibjörg Hauksdóttir, Gnýr Guðmundsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og varamaður Örvar Þór Guðmundsson í forföllum Örne Bjarkar Hagalínsdóttur. Eftirtaldir starfsmenn eru einnig boðaðir á fundinn, Hörður Þorsteinsson og Ríkharður F. Friðriksson.

1. Skipulagsmál

1.1. Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, þynningarsvæði fellt niður

Lagt fram erindi frá Skipulaginu í Hafnarfirði þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, þar sem kynnt er sú breyting að afmörkun þynningarsvæðis álversins í Straumsvík er felld niður og breytingar eru gerðar á landnotkunarflokkum vegna áhrifa sem þynningarsvæðið hefur haft á þá.

Bókun:

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 eru sýnd svæði takmarkaðrar ábyrgðar og þynningarsvæði í kringum álverið í Straumsvík. Í samningi milli Ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. frá því 1966 er skilgreint svæði „takmarkaðrar ábyrgðar“. Þar kemur fram að ÍSAL ber ekki ábyrgð á tjóni af völdum mengunar af ákveðinni starfsemi innan þess svæðis. Ekki voru sett nein skilyrði um takmörkun landnotkunar innan þess svæðis. Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 var skilgreint það sem nefnt var „bráðabirgðamörk þynningarsvæðis áætlaðrar loftmengunar“ sem Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) setti. Á þessu þynningarsvæði var ekki gert ráð fyrir búsetu, landbúnaði né matvælaframleiðslu. Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri bókanir sínar varðandi breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er varðar afmörkun þynningarsvæðis. Breytingar sem hafa orðið gefa ekki tilefni til að heimila búsetu eða viðkvæma starfsemi á svæði mengandi starfsemi og því leggur nefndin til að bann við slíku verði sett í viðkomandi deiliskipulög. Þá vekur nefndin athygli á að mikilvægt er að auka vöktun á svæði sem áður var skilgreint sem svæði takmarkaðrar ábyrgðar. Framkvæmdastjóra falið að koma nánari athugasemdum að í samræmi við umræður á fundinum.

1.2. Deiliskipulag Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi. Forkynning.

Lagt fram erindi frá Skipulaginu í Kópavogi þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á tillögu að nýju deiliskipulagi Vatnsendahæðar í Vatnsendahvarfi til forkynningar á vinnslustigi. Meginmarkmið deiliskiplagsvinnunnar er að móta hverfi með vistvænum áherslum í samræmi við markmið Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040. Deiliskipulagssvæðið er um 29 hektarar og liggur að mörkum Reykjavíkur, Kórahverfis og Hvörfum í Vatnsenda.

Bókun:

Q.k.G.  
 

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við tillöguna, en leggur áherslu á að tryggja skuli viðunandi hljóðvist þar sem svæðið liggur meðfram þriðja áfanga Arnarnesvegjar. Þá fagnar heilbrigðisnefnd að gert er ráð fyrir afgangi hundasvæði í tengslum við græna geirann, en eina lausagöngusvæði hunda í Kópavogi hefur verið á Rjúpnahæð.

1.3. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar

Lagt fram erindi frá Skipulaginu í Garðabæ þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna stígakerfis í upplandi Garðabæjar. Aðalskipulagsbreytingin felst í endurskoðun á reiðleiðum og stígum í upplandi Garðabæjar til samræmis við deiliskipulagstillögur fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum og deiliskipulagi fólksvangs í Vífilstaðahrauni.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd fagnar þeim tillögum sem lagðar eru fram er snúa að aðlögun stígakerfisins vegna uppbyggingar í Garðabæ austan Reykjanesbrautar. Eins tillögum um breytta legu Flóttamannavegar frá Urriðaholti að Vífilstöðum til að bæta umferðaröryggi, en telur mikilvægt að hugað verði að umferðaröryggi á Flóttamannavegi almennt.

1.4. Tillaga að deiliskipulagi fyrir útivistarsvæði í Urriðakotsdölum

Markmið deiliskipulagsins er að í Urriðakotsdölum og í Urriðahrauni verði aðlaðandi útivistarsvæði og að á Urriðavelli verði aðstaða til golfiðkunar í hæsta gæðaflokki. Samhliða gerð deiliskipulags er unnið að því að friðlýsa Urriðakotshraun sem fólksvang þar sem haft er að leiðarljósi að vernda hraunið og náttúrulegt gróðurfar á svæðinu og skapa góðar aðstæður til útivistar með vönduðum stígum í góðum tengslum við stígakerfi Garðabæjar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd fagnar þeim hugmyndum sem fram koma í tillögunni um að vernda náttúrulegt gróðurfar á svæðinu og að skapaðar verði góðar aðstæður til útivistar.

1.5. Tillaga að deiliskipulagi fólksvangs í Vífilstaðahrauni – forkynning.

Markmið deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu, samhliða því að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd tekur undir þær hugmyndir að veglína Flóttamannavegar verði endurskoðuð með tilliti til öryggis og fagnar hugmyndum um að áhersla verði lögð á að vernda jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarminjar.

1.6. Tvöföldun Suðurlandsvegjar frá Bæjarhálsi að Hólmsá

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 25. mars 2022 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðisnefndar um frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum breikkunar Suðurlandsvegjar frá Bæjarhálsi að Hólmsá. Áformuð framkvæmd er að stærstum hluta í landi Reykjavíkur en austast í landi Mosfellsbæjar. Sá hluti er innan eða í jaðri vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.



Bókun:

Heilbrigðisnefnd telur að tvöföldun Suðurlandsveggar mun að framkvæmdatíma liðnum draga úr líkum á umferðar- og mengunaróhöppum innan vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins en mengunarhætta geti fylgt framkvæmdunum. Mikilvægt er að í matsskýrslu verði annars vegar fjallað um aðgerðir til að sporna við vatnsmengun á framkvæmdatíma og síðan meðhöndlun ofanvatns á rekstrartíma vegar. Nefndin minnir á mikilvægi þess að umferð á framkvæmdatíma verði ekki beint inn á Heiðmerkursvæðið.

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá umsögn um erindið með hliðsjón af umræðum í nefndinni og í samráði við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, en stærsti hluti breikkunarinnar liggur í lögsögu Reykjavíkurborgar.

1.7. Tillaga að deiliskipulagi í Gráhelluhrauni, skógargarður við Kaldársselsveg – forkynning.

Lagt fram erindi frá Skipulaginu í Hafnarfirði þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á fyrirhugaðri vinnu við deiliskipulag sem nær yfir hluta Gráhelluhrauns sem er eitt af fyrstu skógræktarsvæðum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar.

Bókun:

Nefndin fagnar áformum um að tengja með öruggu stígakerfi svæði sem teygir sig frá miðbæ Hafnarfjarðar um Gráhelluhraun og að upplandinu við Kaldársel sem og áformum um góðar tengingar yfir að Hvaleyrarvatni og þá einnig með stígagerð um græna trefilinn inn í Garðabæ. Nefndin leggur áherslu á að tryggð verði örugg aðgreining göngu- og reiðstíga.

2. Fundargerðir og skýrslur

2.1. Loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti og niðurstöður gróðurmælinga fyrir 2021.

Lagðar fram skýrslur um umhverfisvöktun á vegum RioTinto fyrir árið 2021. Skýrslur unnar af Efnagreiningum Hafrannsóknarstofnunnar. Jafnframt lögð fram skýrsla, mælingar í lofti, dags. mars 2022, Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi.

Umhverfisvöktun Hvaleyrarholti.

Í skýrslunni kemur fram að suðvestan áttir, sem bera mengun frá álverinu yfir Hafnarfjörð og Reykjavík, hafa verið óalgengar mörg undanfarin ár. Á árinu 2021 var tíðni þeirra ráðandi um 15% tímans, sem er sambærilegt síðasta ári. Sum ár hefur tíðni vindáttarinnar verið enn minni. Heilbrigðisnefnd hefur ítrekað kallað eftir að veðurstöð sé höfð á mælistöðinni og hefur einnig kallað eftir að sérfræðimat verði lagt á ágæti staðsetningar stöðvarinnar, síðast við endurskoðun starfsleyfis álversins. Sú afstaða er ítrekuð.

Áhrifa eldgossins í Fagradal, sem stóð yfir í 6 mánuði á árinu, má greinilega sjá í mæliniðurstöðum. Mælingar á árinu fóru nokkrum sinnum yfir umhverfismörk fyrir svifryk og brennisteinstvíoxíð sem rekja má til flugelda og mengunar af völdum eldgossins. Í heild mátti sjá hækkun á öllum mælipáttum, þó mismikið.

Athygli vekur að ársmeðaltal niturtvíoxíðs (NO₂) hefur farið hækkandi á undanförunum árum og er töluverð frá 2009, þó nokkur breytileiki sé milli ára. Hliðstæðar niðurstöður eru frá mælistöð

heilbrigðisnefndar á Norðurlöndum í Hafnarfirði en þessa gætir síður í öðrum mælistöðum á höfuðborgarsvæðinu. Styrkurinn telst samt vel undir viðmiðunarmörkum.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd telur mikilvægt að loftgæðavöktun á sunnanverðu höfuðborgarsvæðinu verði efld, ekki síst þegar lítið er til hugsanlegrar aukinnar hættu á eldgosum á Reykjanesi. Nefndin fagnar því að í tengslum við útgáfu starfsleyfis álvers Rio Tinto á Íslandi sé kveðið á um að veðurstöð komi í mælistöðina á Hvaleyrarholti. Nefndin fagnar einnig að ný mælistöð verði suðvestur af álverinu.

Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto á Íslandi

Flúormælingar í gróðri fara fram á allstóru svæði sem telja má að sé hugsanlegt áhrifasvæði álversins auk þess sem viðmiðunarsýni er tekið í Skorradal. Í skýrslunni kemur fram að flúorinnihald mælist hátt í grassýnum, á öllum svæðum, ef miðað er við tímabilið frá 1992. Hliðstætt gildir um lauf- og barrsýni. En einnig kemur fram að dreifing hækunar á gildum í ár ber ekki saman við uppsprettu frá álverinu í Straumsvík og bendir til áhrifa frá eldgosinu í Fagradalsfjalli sem hófst 19. mars og mælingar benda til að hafi gefið frá sér mikið magn flúoríðs.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd tekur undir með skýrsluhöfundum að sú hækkun sem greinist í gróðursýnum frá árinu 2021 megi frekar rekja til eldgossins í Fagradalsfjalli en til reksturs álversins. Nefndin ítrekar þó þá afstöðu sem fram kom í bréfi hennar frá 7. apríl 2021 að tímabært sé að endurskoða framkvæmd liðlega 50 ára flúorvöktunar. Niðurstöður rannsóknar frá árinu 2019 benda til að svæðið á Garðaholti í Garðabæ sé undir meira mengunarálagi en sem nær standa álverinu. Það er mat heilbrigðisnefndar að taka þurfi upp reglubundnar mælingar á Garðaholti.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 30. mars 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Miðhraun 2, Garðabæ – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Tómasar Gerald Sullenberger f.h. Smartco ehf., kt. 610910-0840, dags. 29.03.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Miðhrauni 2, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanúmer: F2301328. Eftirlitsskýrsla dags.25.02.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt.

2. Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Evu Michelsen, f.h. Michelsen konfekt ehf., kt. 550221-0390 dags. 29.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags.30.04.2022.



Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

3. Urðarhvarf 14, Kópavogur – tímabundið starfsleyfi

Lögð fram umsókn Hilmars Sigurðssonar, f.h. Sagafilm ehf., kt. 590578-0109, dags. 29.03.2022, þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir kvikmyndagerð í Bláfjöllum, Kópavogi. Framkvæmdir á vatnsverndarsvæði. Eftirlitsskýrsla dags. 29.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar og samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla nr.555/2015 er starfsleyfi samþykkt frá 29.03-31.03.2022.

4. Sunnukriki 1, Mosfellbæ – leik- og grunnskóli

Lögð fram umsókn Þrúðar Hjelm f.h. Mosfellbæjar kt.470269-5969 dags. 07.03.2022, þar sem sótt er um endurnýjun starfsleyfis fyrir leik – og grunnskóla að Sunnukrika 1 í Mosfellsbæ. Endurnýjun leyfis. Eftirlitsskýrsla 21.03.2022.

Með vísun í hollustuhátta- og matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Flugumýri 8, Mosfellsbær – veitingavagn

Lögð fram umsókn Svans Hafsteinssonar, f.h. Grillvagninn slf., kt. 460110-1810, dags. 15.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingavagn að Flugumýri 8, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2251335 og F2311174. Endurnýjun leyfis. Eftirlitsskýrsla dags.23.03.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 6. apríl 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykktar nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísun til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Norðurtún 7, Garðabær – meindýraeyðing

Lögð fram umsókn Steinars Marbergs Egilssonar, kt. 070567-4079, dags. 24.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir meindýraeyðingu, ráðgjöf og eftirlit að Norðurtún 7, Garðabæ. Fasteignanr. F2081627, bílskúr. Endurnýjun leyfis. Eftirlitsskýrsla dags. 24.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfið samþykkt til 4 ára.

2. Cuxhavengata 3, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hilmars Þórs Hilmarssonar, f.h. Bewi Iceland ehf., kt. 620818-0890, dags. 31.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Cuxhavengötu 1, Hafnarfirði. Um er að ræða breytingu. Eftirlitsskýrsla dags. 06.04.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfið samþykkt.


Ó.P.G.

3. Suðurhvammur 2, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Barböru Rutar Bergþórsdóttur, f.h. Grænt te ehf., kt. 450111-0660, dags. 30.11.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla með lögheimili að Suðurhvammi 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhótel. Eftirlitsskýrsla dags. 6.04.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfið samþykkt.

4. Bláfjöll, Kópavogur – skíðalyftur

Lögð fram umsókn Ómars Ívarssonar, f.h. Doppelmayr skíðalyftur ehf., kt. 480682-0179, dags. 28.01.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til að reisa möstur og önnur mannvirki fyrir nýjar skíðalyftur í Bláfjöllum. Tímabundin starfsemi. Minnisblað, fundir og gagnarýni með forsvarsmönnum frá 8. desember 2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 30. nóvember 2023.

5. Fannborg 2, Kópavogur – grunnskóli

Lögð fram umsókn Guðmundur Ásmundsson, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 30.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir grunnskóla að Fannborg 2, Kópavogi. Fasteignanr. F2060378. um er að ræða tímabundna starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 04.04.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt frá 28.03.2022 til 31.08.2022.

6. Hlíðasmári 1, Kópavogur – mötuneyti

Lögð fram umsókn Péturs Viðarssonar f.h. Í-MAT ehf., kt. 430220-1010, dags. 29.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti starfsmanna sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að Hlíðasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2255456. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 06.04.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. Hlíðasmári 17, Kópavogur – læknastofur


Lögð fram umsókn Svanhvítar Heklu Ólafsdóttur, f.h. Domus Læknar ehf., kt. 610421-0320, dags. 09.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir læknastofur að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Fasteignanr. F 2.hæð. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 15.03.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 16.03.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

8. Núpalind 1, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Sigurðar Elí Bergsteinssonar, f.h. Dons Donuts, kt. 520821-1390, dags. 22.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir take away stað að Núpalind 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2232639. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 29.03.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 23.03.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



Ó.K.G.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. Garðatorg 7, Garðabær – veitingastaður, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.03.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ólafar Huldu Breiðfjörð menningarfulltrúa Garðabæjar. kt. 570169-6109 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skemmtun, Garðatorgi 7, Garðabæ. Gestafjöldi 50-100.

Frá 21.04.2022 – 24.04.2022 frá kt. 20.30.- 23:00.

Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 13.04. 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkttra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Hlíðarbraut 10, Hafnarfjörður – niðurrif

Lögð fram umsókn STH teiknistofan, f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579, dags. 06.03.2022, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á leikskóla að Hlíðarbraut 10, Hafnarfirði. fasteignanr. F2075739.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt frá 10.04.2022 til 10.05.2022.

2. Trönuhraun 2, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Högna Steins Gunnarssonar, f.h. Bílaverkstæði Högna, kt. 201158-2659, dags. 17.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Trönuhrauni 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2080259. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.04.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3. Boðapíng 9, Kópavogur – félagsmiðstöð

Lögð fram umsókn Tinnu Rós Finnbogadóttir, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags.

31.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Boðinn félagsmiðstöð eldri borgara að Boðapíngi 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2299397. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.04.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglurðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature and the initials 'O'p.G.'.

4. Boðabing 9, Kópavogur – hjúkrunarheimili

Lögð fram umsókn Aríel Péturssonar, f.h. Hrafnistu Boðabingi kt. 480210-2040, dags. 11.04.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir hjúkrunarheimili að Boðabing 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2299397. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 11.04.2022. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

5. Dalvegur 28, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Piotr Szewc. f.h. Litla bílaverkstæðið ehf., kt. 430615-0250, dags. 25.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiðaverkstæði að Dalvegi 28, Kópavogi. Fasteignanr. F2059495. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 13.04.2022. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 30.03.2022. Samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs, 2012-2024, er starfsemin á verslunar- og þjónustusvæði Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er mælt með starfsleyfi til 4 ára.

6. Digranesvegur 8, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Victor Berzoi. f.h. Expertmind ehf., kt. 610122-2480, dags. 30.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Digranesvegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Dreifing frá vöruhóteli. Eftirlitsskýrsla dags. 19.04.2022. Með vísun til ákvæða matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt.

7. Hagasmári 1, Kópavogur – verslunarmiðstöð

Lögð fram umsókn Sveinn Stefánsson f.h. Reginn hf., kt. 680807-1320, dags. 30.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir Smáralind verslunarmiðstöð að Hagasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2227650. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 11.04.2022. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðglugerða er starfsleyfis samþykkt til 12 ára.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 20. apríl 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Kaupún 1, Garðabæ – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Halldórs Sigurjónssonar f.h. ILVA ehf., kt. 690208-0240, dags. 30.03.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Kaupúni 1, Garðabæ. Ný starfsemi. Fasteignanúmer: F2301328. Eftirlitsskýrsla dags.13.4.2022.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 06.04.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

2. Drangahraun 10, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Guðna Bergs Elíassonar, f.h. Aðalpartasalan ehf., kt. 530921-0930, dags. 22.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis og bílapartasölu að Drangahrauni 10, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074439. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 13.04.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 1 árs.

3. Kaplahraun 8, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Sævars Sigtryggssonar f.h. Bíltri ehf., kt. 560318-1460, dags. 10.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Kaplahrauni 8, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2279210. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 08.04.2022.

Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 13.04.2022. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 13.04.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

4. Steinhella 4, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóhanns Davíðs Barðasonar, f.h. Bifvélavirkinn ehf., kt. 500918-0120, dags. 14.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Steinhellu 4, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2302374 og F2302375. Ný starfsemi. /breyting á húsnæði. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 19.02.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

5. Hlíðasmári 17, Kópavogur – snyrtistofa með húðflúr

Lögð fram umsókn Gunnleifar Söndru Lárusdóttur, f.h. High care ehf., kt. 450416-0530, dags. 19.04.2022, þar sem sótt er um viðbót við starfsleyfi fyrir snyrtistofu með húðflúr að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Fasteignanr. F223 6281 og F223 6279 Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 19.04.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfis til 12 ára.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykktra nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

1. Víðistaðatún, Hafnarfjörður – Víkingahátíð

Lögð fram umsókn Jökuls Tandra Ámundasonar, f.h. Rimmugýgur, kt. 700497-2409, dags. 30.03.2022 þar sem sótt er um tímabundið leyfi fyrir Víkingahátíð á Víðistaðatún Hafnarfirði, frá 1306.2022 – 19.06.2022.

Jákvæð umsögn staðfest um tímabundið leyfi.

2. Íþróttahús Gróttu, Seltjarnarnesi – tækifærisleyfi

Lögð fram umsókn f.h. Sena ehf., kt.510205-1380, dags. 19.04.2022 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir árshátíð SFHR, sem haldin verður í íþróttahúsi Gróttu, Seltjarnarnesi dags. 30.04.2022 frá kt. 17.30 – 01.00.

Jákvæð umsögn staðfest um tímabundið leyfi.


Linda Hrönn Þórisdóttir


Örvar Þór Guðmundsson


Ingibjörg Hauksdóttir


Jón Haukur Ingvason


Gnýr Guðmundsson

Sigrún Edda Jónsdóttir